

Heilbrigðisráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Sent í samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 11. febrúar 2025.

Efni: Umsögn við drög að stefnu í áfengis- og vímuefnarmálum til ársins 2035. Mál nr. S-11/2026.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við drög að stefnu í áfengis- og vímuefnarmálum til ársins 2035. Mál nr. S-11/2026. Félagið fagnar þeirri vinnu sem hefur átt sér stað við útfærslu stefnu í áfengis- og vímuefnarmálum til ársins 2035 en sú stefna sem nú er unnið eftir er frá árinu 2013 og því tímabært að uppfæra hana. Skýrslan er vel unnin og öllum sem komu að gerð hennar til mikils sóma. Hún gefur gott yfirlit yfir stöðu mála þar sem fjallað er um lýðheilsu og forvarnir, núverandi stefnu, meðferð og endurhæfingu, vímuefnastefnu og mannréttindi auk kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Framtíðarsýn, gildi, megináherslur og markmið sem sett eru fram byggjast á greiningum og stöðumati með lýðheilsu og öryggi að leiðarljósi þar sem öll hafi aðengi að forvörnum, fræðslu og viðeigandi meðferð vegna vímuefnanotkunar. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau grunnildi sem framtíðarsýnin byggir á, þ.e. *mannréttindi, jafnrétti, fagmennsku, gæði og samkennd* sem rýmar við siðareglur félagsráðgjafa. Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreynendum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar hafa þekkingu á fíknisjúkdómum og hafa færni til að hvetja og aðstoða einstaklinga við að komast í viðeigandi meðferð og eiga í samstarfi við þá sem meðferðina veita. Það er flókið að takast á við fíknisjúkdóma og það er þekkt að þau sem glíma við þá mæta oft fordómum og skilningsleysi almennings. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur bent á að eitt stærsta heilbrigðisvandamál sem herjar á þjóðir heims megi rekja til fíknisjúkdóma. Það er því mikið í húfi að tryggja almennar og sértækar forvarnir auk viðeigandi heilbrigðisþjónustu fyrir þau sem glíma við áfengis- og vímuefnaröskun og mæta þeim af virðingu og manngæsku.

Félagið styður megináherslur nýrrar stefnu að draga úr nýgengi og áhættu tengdri notkun vímuefna og bæta aðgengi að viðeigandi úrræðum fyrir fólk sem notar vímuefni og stuðning við það. Stefnan tengist stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í skaðaminnkun sem myndar heilðræna stefnu í áfengis- og vímuefnamálum sem byggist á mannréttindum, mannúð og inngildingum. Þá tengist stefnan stefnu

stjórnvalda í geðheilbrigðismálum enda nátengd viðfangsefni. Það er nauðsynlegt að auka aðgengi að fjölbreyttri og gagnreyndri heilbrigðisþjónustu á þessu sviði ásamt því að auka samhæfingu og samþættingu. Þá þarf að efla mannauð og auka nýliðun innan heilbrigðisstétta sem sinna forvörnum, meðferð, endurhæfingu og skaðaminnkun. Einnig þarf að bæta miðlægar stafrænar upplýsingar, efla lýðheilsu og forvarnir til að draga úr nýgengi eða lágmarka neikvæð áhrif tengd notkun vímugjafa.

Stefnuþingin eru í samræmi við alþjóðlega staðla á sviði lýðheilsu, ekki síst með tilvísun til SAFER-verkefnis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Áherslan á að draga úr aðgengi að áfengi, framfylgja banni eða takmörkunum á áfengisauðglýsingum og tryggja að sala og markaðssetning sé í samræmi við lýðheilsusjónarmið er mikilvægt. Ástæða er til þess að beina sjónum að Alþingi og tryggja viðeigandi fræðslu þingmönnum til handa til að fækka þingmálum sem eru andstæð stefnuþingunum.

Þrátt fyrir vel unnin stefnuþing eru nokkur atriði sem mætti skýra betur:

- Samþætting þjónustu – þótt getið sé um samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu vantar skýrari áætlun um hvernig þessi samþætting verði í raun framkvæmd, sérstaklega með tilliti til hlutverks sveitarfélaga
- Notendabættaka – stefnan nefnir notendasamráð en mætti vera skýrari um hvernig reynsla og þekking fólks með lifaða reynslu (e. lived experience) verði nýtt í stefnumótun og þróun þjónustu
- Fjármögnun – þó getið sé um að aðgerðaáætlun þurfi að vera fjármögnuð vantar skýrari umfjöllun um áætlaðan kostnað og fjármögnunarleiðir
- Mælingar á árangri – það vantar skýrari viðmið um hvernig mæla eigi árangur og framgang í innleiðingu stefnunnar
- Börn og ungmenni – þótt getið sé um forvarnir fyrir börn og ungmenni mætti skýra betur sérþarfir þessa hóps og hvernig þjónusta við þau verði tryggð

Fram koma tillögur um að stofna stýrihóp til að ná markmiðum stefnuþinganna og gera fimm ára aðgerðaáætlun og því er rétt að benda á að margir félagsráðgjafar eru sérhæfðir á þessu sviði. Félagssráðgjafafélag Íslands styður stefnuþingin og er tilbúið að koma að áframhaldandi vinnu í þessum málaflokki. Mikilvægt er að tryggja nægjanlega fjármögnun, skýra samþættingu þjónustu og virkja þátttöku notenda. Félagið er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagssráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður